



6. formannafundur Aftureldingar 28. nóv. 2011

Fundur settur kl. 18:30

Mætt frá deildum: **Handbolli:** Inga Lilja Lárusdóttir; **Fótbolti:** Kolbrún Þorsteinsdóttir **Badminton** Stefán A. Stefánsson ; **Frjálssar:** Hlynur Guðmundsson ; **Sund** Ragnar Stefánsson ; **Fimleikar** Eva Magnúsdóttir

Mætt frá aðalstjórn UMFA: Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir og Hekla Klemenzdóttir. Ásmundur Pálsson boðaði forföll

Dagskrá:

1. Fjármál, almennt
2. 50+ mót

1. Sævar kynnti þá vinnu sem hefur farið fram varðandi skoðun á bókhaldi og fjármálum deildanna og félagsins í heild. Upplýsti um að formenn deilda fái nákvæma stöðu sinnar deildar innan tveggja vikna. Búið er að ganga frá greiðslum opinberra gjalda sem voru í vanskilum og upplýst að næstu skref verði að greiða lífeyrissjóðsgreiðslur. Eftir áramót munu gjaldkerar fá stöðu sinnar deildar senda mánaðarlega. Sævar brýnir fyrir formönnum að fara yfir upplýsingar sem Vilborg bókari félagsins hefur sent út yfir útistandandi kröfur og taka ákvarðanir með sínum gjaldkerum varðandi afskriftir. Mikil umræða varð um ástæður þess að ekki hafi verið greiddir ýmsir reikningar deildanna og kom fram að það hafi komið sér sérstaklega illa fyrir fimleikadeild sem ekki gat sent iðkendur í keppni vegna ógreiddra reikninga frá Fimleikasambandinu.

Fram kom að ekki hafi allar deildir fengið aðgang að Nóra og hvatti Sævar deildirnar til að hafa strax samband við Brynjar um að fá aðgang. Einnig rætt um mikilvægi þess benda fólki sem á í fjárhagslegum erfiðleikum á að sækja um í Guðfinnusjóðinn. Húsnæðismál, komið álit frá verkfræðingi hjá bænum og hann telur Reykjalundarhúsið betri kost fyrir bæjarfélagið en hinn kostinn, Sigurplasthúsið. Umræða varð um samgöngur og upplýsti Sævar um hugmyndir bæjaryfirvalda um frístundabíl og að hægt væri að ræða við Strætó b/s þegar starfsemi er komin í húsið og umferð eykst. Umræða varð um félagakerfi sem hefur oft verið í umræðunni. Sævar varpaði fram þeirri spurningu hvernig allar deildir geti tekið þátt í að koma með innlegg í umbun fyrir greiðandi félaga. Kollbrún kom með á tillögu að hanna Aftureldingarhjarta sem bæði væri selt og væri afhent greiðandi félögum. Hugmyndin vakti athygli og fjörugar umræður sköpuðust um hana. Hekla lagði til að leitað yrði til nýs hönnuðar á hverju ári , samstarf við listafólk í bænum.

Umræða varð um styrki frá fyrirtækjum sem starfrækt eru í bænum og að leita ætti til íbúa sem stýra fyrirtækjum í öðrum bæjarfélögum.

2. 50+ Landsmót. Guðjón og Helga sem sitja í mótsstjórn 50+ sem fulltrúar Aftureldingar. kynntu það sem skipulagt hefur verið. Helga minnti á að póstur hafi farið til allra deilda og spurt hvort hugmyndir væru um aðrar greinar en þær sem taldar voru upp í póstinum. Enn vantar sérgreinastóra sem verða tengiliðir við stjórn 50+ Landsmótsstjórnina. Vantar frá fimleikum, fótbolta og sundi. Einnig vantar manneskju fyrir þríþraut. Hlutverk sérgreinastjóra er að vera tengiliður við UMFÍ, sjá um keppnisgreinar, útvega dómara og heildarskipulag eins og um mót væri að ræða. Hugmynd er að Afturelding hafi á sinni könnu alla sölu og deildirnar sem sjái um hana fá ágóðann.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir